

Nd.

517. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.

2. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgi-dagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofs-skyldar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnu-skýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa.

Ákvæði þessi skulu koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960.

h-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á íslenskum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattyfirvalda á fæði til tekna.

Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsg. þessa stafliðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

3. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldársgjalda á árinu 1959.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958. Jafnframt eru úr gildi fallnir b-liður 1. gr. og a-liður 4. gr. laga nr. 36/1958.